

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/434
komudagur 5.12.2005

From: dis.sigurgeirsdottir@dkm.stjr.is [mailto:dis.sigurgeirsdottir@dkm.stjr.is]
Sent: 5. desember 2005 16:36
To: Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Subject: Upplýsingar um viðbótarupplýsingar í Schengen og skráning stolinna skilríkja.

Sæl Elín Valdís.

Þær upplýsingar sem um ræðir eru viðbótarupplýsingar sem geta reynst nauðsynlegar þegar bregðast á við skráningu í kerfinu. Ef við tökum sem dæmi framsal á manni sem skráður er í kerfið þá getur reynst nauðsynlegt fyrir það ríki sem ætlar að framselja viðkomandi að hafa ítarlegri upplýsingar um hann svo að hægt sé að ganga úr skugga um að hann sé í raun sá sem skráning gefur til kynna. Þetta geta t.d. verið fingraför hans, mynd af honum eða útlitslýsing s.s. háralitur, hæð og þyngd, umfram það sem kemur fram í kerfinu sjálfu. Hvað varðar hluti þá gæti komið í ljós þegar t.d. skráningaryfirvöld sem sjá um skráningu bifreiða uppgötva að bifreið sem þau hafa til meðferðar er skráð í kerfið. Þegar svo háttar til getur reynst nauðsynlegt að hafa viðbótarupplýsingar, s.s. um fastanúmer bifreiðarinnar, lit, hvernig ástand hennar er almennt, hvernig dekkjum hún er á eða jafnvel mynd af bifreiðinni.

Ofangreindar viðbótarupplýsingar geta verið af misjöfnum toga en miða allar að því sama; að auðvelda þeim sem bregðast þarf við skráningu að ganga úr skugga um að viðkomandi hlutur eða einstaklingur sé raunverulega sá sem skráður er í kerfið. Þá má geta þess að um persónuupplýsingar sem skráðar eru hjá lögreglu gilda lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og reglugerð um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu nr. 322/200.

Varðandi spurningu Ágústs Ólafs um hvort þetta frumvarp hafi einhver áhrif á skráningu skilríkja sem fórnarlömb mansals framvísa þá upplýsist að þau skilríki eru aldrei skráð í kerfið þegar þeim er framvísað. Einu skilríkin sem eru skráð í kerfið eru þau skilríki sem hefur verið stolið eða hverfa.

Maður sem framvísar fölsuðum skilríkjum á landamærum verður ekki skráður í Schengen-upplýsingakerfið né heldur hin fölsuðu skilríki því þau eru einfaldlega gerð upptæk af lögregluyfirvöldum.

Vona að þetta varpi einhverju ljósi á álitaefnið.

Kveðja,
Dís.